

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Breyting á deiliskipulagi Kiðjabergs, orlofs- og sumarhúsasvæðis Meistarafélags húsasmiða, Grímsnesi.

Í breytingunni felst að golfvöllur stækkar úr 9 holum í 18, vegur meðfram jarðarmörkum við Gölt er felldur út auk þess sem gerðar eru breytingar á stærð og staðsetningu sumarhúsalóða á sumarhúsasvæði C, Kambar. Deiliskipulagsuppdráttur fyrir svæði C kemur í stað uppdráttar nr. 05 frá október 1989, br. september 1996 og 20. september 2002. Yfirlitsuppdráttur kemur í stað uppdráttar nr. 02 frá október 1989, br. september 1996 og 18. nóvember 1996. Skipulagsskilmálar frá október 1989 eru óbreyttir.

Samþykkt í sveitarstjórn 7. desember 2005.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 22. ágúst 2006.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 23. ágúst 2006